

Ragnar Ingi Aðalsteinsson

Bragfræði

fyrir unglingastig grunnskóla

KENNSLULEIÐBEININGAR



Námsgagnastofnun

Bragfræði

fyrir unglíngastig grunnskóla - Kennsluleiðbeiningar

© Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2010

Ritstjórar: Ingólfur Steinsson og Sigríður Wöhler

Yfirlestur: Þórdís Guðjónsdóttir.

1. útgáfa 2011

Námsgagnastofnun Kópavogi

Hönnun og umbrot: Námsgagnastofnun

Fyrsti kafli

Taktur

Fyrsti kafli bókarinnar fjallar um taktskiptingu í kveðskap. Taktur er grundvallaratriði í öllum hefðbundnum kveðskap og nauðsynlegt er að nemendur þjálfí sig í að hlusta eftir þessum takti. Takturinn byggist á tvennu. Annars vegar er það regla í íslensku að leggja ávallt þyngsta áherslu á fyrsta atkvæði hvers orðs. Þegar raðað er saman tveggja atkvæða orðum lendir áherslan á öðru hverju atkvæði. Skoðið eftirfarandi orðarunu:

Stúlkan hleypur léttstíg eftir mjórri götu inní myrkan skóginn dúðuð hlýjum klæðum enda kuldinn napur þennan daginn.

Þessi texti hljómar sérkennilega. Hvert orð er tvö atkvæði og áherslan fellur í öllum tilvikum á fyrra atkvæðið, þ.e. á annað hvert atkvæði í setningunni. Við það skapast taktur. Eitt af því sem hægt er að nota til að útskýra taktskiptinguna fyrir nemendum er að sýna þeim haganlega gerðar orðarunur svipaðar þeirri sem sýnd er hér að ofan. Síðan má láta þá klappa taktinn. Svo má til dæmis láta nemendur lesa upphátt og sleppa öðru hverju taktbili til að skerpa enn sýnina á hrynjandi orðarununnar.

Það sama má gera með þriggja atkvæða orð en vandinn er sá að þar er erfiðara að finna viðeigandi orð til að mynda rétt gerða setningu:

Pirraðir ýlfrandi hundarnir skokkuðu slóðina leitandi matarins hungraðir.

Nú eru þrjú atkvæði í hverju taktbili. Áherslan fellur á fyrsta atkvæðið og tvö seinni atkvæði hvers orðs eru áherslulétt. Til að skoða þrískiptan takt í kveðskap má til dæmis líta á kvæði Jóns Helgasonar, Í Árnasafni (Jón Helgason 1934:78):

Innan við múrvegginn átti ég löngum mitt sæti,
utan við kvikaði borgin með gný sinn og læti.
Hálfvegis vakandi, hálfvegis eins og í draumi
heyrði ég þungann í aldanna sígandi straumi.

Hér eru þrjú atkvæði í hverju taktbili (kveðu), ýmist þriggja atkvæða orð (*múrvegginn*, *kvikaði*), eitt tveggja atkvæða orð og eitt eins atkvæðis orð (*Innan við*, *átti ég*) eða þrjú eins atkvæðis orð (*gný sinn* og *eins og í*). Þríliðir koma hins vegar ekki við sögu í þeim vísu, sem hér er verið að fjalla um, fyrr en alveg síðast og þá einungis sem innskot á milli tvíliðanna (sjá 10. kafli). Vísurnar í þessari bók eru allar ortar undir einhverjum af rímnaháttunum en þar er tvíliðataktur alltaf ríkjandi (um rímnahætti má til dæmis lesa í *Bögubókinni*; sjá Ragnar Inga Aðalsteinsson 1990).

Hin reglan snýst um það að orð eru misþung í setningunni. Í stað tveggja atkvæða orðanna geta komið tvö eins atkvæðis orð. Þá verður þyngra orðið að vera á undan og þar kemur þyngrri áherslan. Ekki verður hér farið nákvæmlega ofan í reglur um setningarlega þyngd orða heldur aðeins bent á að í tvíliðum, sem byggðir eru upp á þennan hátt, skiptir máli að þyngra orðið komi fyrst. Til að skoða þetta fyrirbæri betur mætti líta á vísuhelminga sem gerðir voru í því augnamiði einu að útskýra setningarlegan þunga orða og hrynjandi kveðskapar:¹

- (1) Eftir svall og sukk og læti
sá Björn að sér, garmurinn.

Fyrsti bragliður síðlínunnar² er í þessu tilviki *sá Björn*. Þessi liður snýr öfugt. Fyrri hluti liðarins er sögn í persónuhætti en seinni hlutinn nafnorð. Orðið *Björn* togar til sín áhersluna og hrynjandi vísunnar bíður skaða af því. Það er ekki fyrr en við snúum bragliðnum við og færum nafnorðið fram fyrir sögnina að hrynjandi síðlínunnar verður viðunandi:

- (2) Eftir baks og bölvuð læti
Björn sá að sér, garmurinn.

Nú er hér ekkert sem truflar eyrað. En einnig er hægt að leysa þetta mál á annan veg:

- (3) Eftir sukk og svall og læti
sá hann að sér, garmurinn.

Ef við skiptum nafnorðinu *Björn* út fyrir fornafnið *hann* verður hrynjandi línunnar létt og áferðarfallæg og ekkert sem truflar eyrað. Fornafnið hefur minni þunga en sagnorðið og því verður bragliðurinn réttur ef svona er farið að.

Þegar kemur að því að kenna um þetta atriði er rétt að segja nemendum að í tvíliðum með tvö eins atkvæðis orð sé þyngra orðið á undan og láta þar við sitja. Allt of flókið er fyrir börn að reyna að ráða í reglur um það hvaða orð eru þung og hver eru létt. Ef kennarar vilja fræðast um þetta efni má benda á Kristján Árnason 2005, bls. 446 o.áfr.

Á það skal bent hér að langflestar vísur, sem ganga manna á meðal, hafa annaðhvort forliði (sjá 9. kafla), þríliðainnskot (sjá 10. kafla) eða úrfellingar, þegar atkvæði eru felld niður í framburði (sjá 11. kafla). Hér er samviskusamlega fylgt þeirri reglu að kenna aðeins eitt í einu og þess vegna eru vísurnar, sem teknar eru sem dæmi í fyrstu köflum bókarinnar, lausar við allar slíkar undantekningar (það á einnig við hér á eftir: Fleiri vísur til greiningar). Þegar aftar dregur, og nemendur eru orðnir vel þjálfaðir í því að vinna með vísur sem hafa án undantekninga tvö atkvæði í hverri kveðu, er hægt að kenna um forliði, þríliði og úrfellingar.

1 Þessi dæmi eru tekin úr grein í *Íslenskt mál og almenn málfræði*: Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2005a:175–6. Athugið að í (2) er skipt um stuðla (stuðlar eru *b*-in í *baks* og *bölvuð*) til að hægt sé að nota *b* í *Björn* fyrir höfuðstaf.

2 Um frumlínur og síðlínur, sjá 3. kafla.

1. verkefni – lausnir

Skrifið vísur 1B og 1C í verkefnabókina og skiptið þeim í kveður:

1B Hallar degi, kemur kvöld,
 kaldur andar svalinn.
 Nóttin bládimm blæju- -tjöld
 breiðir yfir dalinn.

1C Löngum var ég læknir minn
 lögfræð- -ingur, prestur,
 smiður, kóngur, kennar- -inn
 kerra, plógur, hestur.

Hugtök sem þarf að kunna skil á:

- *Taktur* (*hrynjandi*), hljómfall sem skapast af missterkum áherslum á orð og orðhluta í braglínunni.
- *Braglína*, lína í vísu eða kvæði. Allar vísurnar í þessari bók hafa fjórar braglínur.
- *Atkvæði*, orðhluti, hvert atkvæði hefur eitt sérhljóð (Kristján Árnason 2005:180 o.áfr.).
- *Sérhljóði*, sérhljóðar skiptast í einhljóð og tvíhljóð; í íslensku eru 8 einhljóð og 5 tvíhljóð (Kristján Árnason 2005:124 o.áfr.).
- *Kveða* (*bragliður*, *taktbil*), eining innan braglínunnar, afmarkast af mismunandi áherslum. Kveður geta verið þríliðir, tvíliðir eða stúfar (einliðir).
- *Stúfur*, eins atkvæðis orð í enda braglínu. Skipting í bragarhætti innan rímnaháttanna fer gjarnan eftir því hvort línur enda á stúf eða heilum braglið (sjá til dæmis 15. kafla *Bögubókarinnar*, Ragnar Ingi Aðalsteinsson 1990).
- *Hákveða*, fyrsta og þriðja kveða braglínunnar (og fimmta kveða ef línan er það löng, sjá t.d. Í Árnasafni eftir Jón Helgason).
- *Lágkveða*, önnur og fjórða kveða braglínunnar (ef braglínan er lengri en fimm kveður taka við aðrar og flóknari reglur sem ekki er rúm til að skýra hér).

Fleiri vísur til greiningar:

Þegar sumarsólin heið
signir dal og hjalla,
vil ég alltaf eiga leið
inn til blárra fjalla.

(*Ragnheiður Jónsdóttir*)

Komdu herna, krílið mitt,
komdu, litla morið.
Enn er liðið ekki þitt
æsku blíða vorið. *(Sveinbjörn Egilsson)*

Nú er úti frost og fjúk,
fönn í gættir setur.
Vetrar undir votum dúk
vonin sofið getur. *(Einar Sverrisson)*

Þjórar vínið grátt með grín
gáfna- sýnist -tregur.
Yglir trýnið eins og svín
ekki frýnilegur. *(Sigurður Jónsson)*

Vísurnar hér að ofan falla vel að því sem kennt er í fyrsta kafla. Til þeirra má grípa ef vantar fleiri verkefni til kveðuskiptingar. Greiningin er á þessa leið:

Þegar sumar- -sólin heið
signir dal og hjalla,
vil ég alltaf eiga leið
inn til blárra fjalla.

Komdu herna, krílið mitt,
komdu, litla morið.
Enn er liðið ekki þitt
æsku blíða vorið.

Nú er úti frost og fjúk,
fönn í gættir setur.
Vetrar undir votum dúk
vonin sofið getur.

Þjórar vínið grátt með grín
gáfna- sýnist -tregur.
Yglir trýnið eins og svín
ekki frýni- -legur.

Annar kafli

Rím

Í þessum kafla er fátt sem vefst fyrir. Allt sem að rími lýtur, a.m.k. því rími sem hér er fjallað um, er einfalt og gegnsætt. Nemendur eru yfirleitt fljótir að tileinka sér efnið. Í bókinni er aðeins fjallað um endarím, ýmist víxlím eða runurím, og minnst er á hringhendu. Hægt er að finna dæmi um margs kyns rímþrautir og rímafbrigði sem nemendur hefðu hugsanlega gaman af að sjá og læra að greina. Þar má nefna framrím og innrím eins þessar vísur sýna:

Glæst er mynd af ljósum **lökk**

læst í huga **mér**.

Hæst þig ber í fljóða **flokk**,

fæstar líktust **þér**.

(Sveinbjörn Beinteinsson)

Glymur hátt við hreystimál,

hlymur dátt við gleðibál,

rymur lágt við angurs ál,

ymur smátt við banaskál.

(Örn Arnarson)

Margar af vísur þeim, sem valdar eru sem dæmi í bókinni, eru með flóknu rími þó að það sé ekki nefnt eða skýrt vegna þess að verið er að kenna annað. Mikilvægt er að kenna aðeins eitt í einu. Hér verður til dæmis ekki lögð áhersla á að kenna meira um hringhendu en rétt að nefna hana svo að nemendur kannist við þetta rímform. Margar af fallegustu vísur okkar eru hringhendur. Ef kennarar vilja fræðast um rímafbrigði má benda á *Suttung* I og II (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 1996), kafla um rím og ítarefni eða *Bragfræði* Sveinbjarnar Beinteinssonar (1953).

2. verkefni – lausnir

- a) Finnið eins mörg orð og þið getið sem ríma við orðin *laukur* (5), *alda* (12), *karl* (3), *flóð* (20) og skrifið þau inn í verkefnabókina.

laukur, baukur, fraukur, gaukur, haukur, staukur

alda, balda, falda, gjalda, halda, kalda, kvalda, malda, skjalda, spjalda, talda, tjalda, valda

karl, hjarl, jarl, snarl

flóð, bjóð, blóð, fljóð, fróð, glóð, góð, hljóð, hlóð, jóð, ljóð, lóð, móð, óð, rjóð, sjóð, skjóð, slóð, stóð, tróð, þjóð

(Sjá *Rímorðabókina*, Eiríkur Rögnvaldsson 1989)

b) Skoðið nú vísur 1A-1, 1B og 1C í fyrsta kafla (1B og 1C eru þegar í verkefnabókinni ykkar) og merkið rímið í þeim með bókstöfum:

1A-1: **aBaB**, 1B: **aBaB**, 1C: **aBaB**.

c) Runurím er ekki alltaf þannig að allar línurnar rími saman eins og í 2B. Stundum ríma 1. og 2. lína saman og svo 3. og 4. lína. Skrifðu eftirfarandi vísu í verkefnabók, skiptið henni í kveður og merkið rímið með bókstöfum:

2C	Viltu heyra, væna mín,	a	
	vísur, sem ég kvað til þín	a	
	eina þöglá þorra- -nótt	b	
	þegar allt var stillt og hljótt.	b	Rímform aabb

Hugtök sem þarf að kunna skil á:

- *Endarím*, rím sem er í enda braglínanna (ekki innrím eða framrím).
- *Einrím* (*karlrim*), þegar rímað er með eins atkvæðis orðum.
- *Tvírím* (*kvenrím*), þegar rímað er með tveggja atkvæða orðum.
- *Þrírím* (*veggjað rím*), þegar rímað er með þriggja atkvæða orðum.
- *Víxlrím*, þegar rímið er í 1. og 3. braglínu og svo í 2. og 4. braglínu; **abab**.
- *Runurím*, þegar rímið er í 1. og 2. braglínu og svo í 3. og 4. braglínu; **aabb**.
- *Innrím* (*miðrím*), þegar rímið er inni í línunni, sbr. hringhenduna.
- *Hringhenda*, þegar saman ríma orð í 2. kveðu gegnum alla vísuna.

Þriðji kafli

Ljóðstafir

Í þriðja kafla er rétt að leggja áherslu á hugtakið *braglinupar*. Því er svo skipt í *frumlínu* og *síðlínu*. Notkun þessara hugtaka auðveldar alla umfjöllun um stuðlasetningu. Þá skal festa vel í minni reglur um staðsetningu stuðla og höfuðstafs. Annar stuðullinn er alltaf í 3. kveðunni. Hinn má vera í 1., 2. eða 4. kveðu. Kennurum skal bent á að nemendur hafa tilhneigingu til að misskilja þessa reglu og halda þá að *annar stuðullinn* hljóti að vera seinni stuðullinn. Þannig er það að sjálfsögðu ekki. Stuðullinn í 3. kveðu er alls ekki alltaf seinni stuðull í línunni eins og sjá má af dæmum hér að framan.

Höfuðstafur er í fyrstu kveðu síðlínunnar. Algengt er þó að höfuðstafurinn sé ekki fremst í síðlínunni. Framan við fyrstu kveðu hvernar braglínu er oft sett áherslulétt orð sem kallast forliður (sjá 9. kafla). Forliður er ekki kveða og má aldrei bera ljóðstaf. Forlið má ekki rugla saman við stúfinn. Stúfur er sjálfstæð kveða og þar má sem best setja annan stuðulinn. Í bókinni er ekki minnst á forliði fyrr en í 9. kafla og vísur, sem notaðar eru sem dæmi í köflunum fram að því, eru án allra slíkra undantekninga eins og áður er nefnt.

3. verkefni – lausnir

a) Skrifðu eftirfarandi vísur inn í verkefnabók, skiptið þeim í kveður og dragið hring um ljóðstafina. Hvað eru stuðlar, hvað eru höfuðstafir? Í hvaða kveðum standa stuðlarnir? Merkið rímið með bókstöfum:

3C Hávært tal er heimskra rök. = *stuðlar* í 1. og 3. kveðu
Hæst í tómu bylur. = *höfuðstafur*
Oft er viss í sinni sök = *stuðlar* í 3. og 4. kveðu
sá er ekkert skilur. = *höfuðstafur* Rímform: **aBaB**

3D Lítill fugl á laufgum teigi = *stuðlar* í 1. og 3. kveðu
losar blund á mosa- -sæng, = *höfuðstafur*
heilsar glaður heiðum degi, = *stuðlar* í 1. og 3. kveðu
hristir silfur- -dögg af væng. = *höfuðstafur* Rímform: **AbAb**

3E Gróður- -sælan heima- -haga = *stuðlar* í 3. og 4. kveðu
hylur fanna- -slæða grá. = *höfuðstafur*
Virðist mér um vetrar- -daga = *stuðlar* í 1. og 3. kveðu
von og kvíði takast á. = *höfuðstafur* Rímform: **AbAb**

Ath. að í lausnunum eru ljóðstafir feitletraðir. Ætlast er til að nemendur dragi um þá hring í vinnubókina en slíkt er erfitt að gera hér í kennsluleiðbeiningunum. Vonast er til að þetta valdi ekki misskilningi.

b) Skrifðu 3A-1 og 3B upp og dragið hring um stúfana.

3A-1 Eins og hæfir, milda mær,
minnast vil ég þín.
meðan leikur ljóða- blær
létt um hugtún mín.

Í 3A-1 eru stúfar í öllum braglinum; mær, þín, blær, mín.

3B Kem ég enn af köldum heiðum,
kæra fljóð, til þín.
Frera- svip á fanna- breiðum
fengu stefin mín.

Í 3B eru stúfar í 2. og 4. braglínu; þín, mín.

Ef vel gengur og nemendur eru með á nótunum er hægt að bera saman stúfana í vísunum hér að ofan annars vegar og vísunum í 1. kafla hins vegar (gæta verður þess þó að slíkt verði ekki of flókið og fyrirferðarmikið). Þegar þessar vísur eru bornar saman við 1A-1 og 1B í 1. kafla kemur í ljós að í 1A-1 eru stúfar í 1. og 3. braglínu (las – gras) en í 3A-1 enda allar línurnar á stúfum. Í 1B eru stúfar í 1. og 3. braglínu (kvöld, tjöld) þar sem þeir eru í 2. og 4. braglínu í 3B eins og fyrr kom fram.

Hugtök sem þarf að kunna skil á:

- *Braglínupar*, tvær línur sem standa hlið við hlið og tengjast með ljóðstöfum.
- *Frumlína*, fyrri línan í braglínupari.
- *Síðlína*, seinni línan í braglínupari.
- *Ljóðstafur*, bókstafur (hljóð) sem er endurtekinn með stuttu millibili í vísu eða öðrum texta þannig að eyrað nemi það sem einhvers konar samfellu.
- *Stuðull*, ljóðstafur sem stendur í frumlínunni, langoftast eru tveir stuðlar saman.
- *Höfuðstafur*, ljóðstafur sem stendur einn fremst í síðlínunni.

Sérhljóðar sem ljóðstafir

Í *Háttatali* Snorra Sturlusonar er gerð grein fyrir stuðlasetningarreglum eins og þær tíðkuðust þá í norrænum kveðskap. Snorri skýrir fyrst stuðlun með samhljóðum, sem hann kallar *samhljóðendur*, og tekur fram að ef stuðlað sé þannig skuli nota sama samhljóðann bæði sem höfuðstaf og stuðla. Í framhaldi af því vísir hann að því hvernig nota skuli sérhljóða (sem hann kallar *hljóðstafi*) í stuðlasetningu: „En ef hljóðstafr er höfuðstafrinn, þá skulu stuðlar vera ok hljóðstafir, ok er fegra at sinn hljóðstafr sé hverr þeira“ (Snorri Sturluson 1999:4). Margir fræðimenn hafa velt því fyrir sér hvers vegna sérhljóðarnir geti stuðlað hver við annan þegar krafa er gerð um að samhljóðar sem stuðla saman séu eins. Ekki verður hér eytt rými í að útskýra þær kenningar.³

Svo mikið er víst að sérhljóðarnir mynda einn jafngildisflokk og hafa gert það frá því áður en sögur hófust. Fjórði kafli er stuttur og efnið einfalt og auðskilið, að því gefnu að nemendur þekki sérhljóðana.

4. verkefni – lausnir:

a) Skriðið vísur 4B, 4C og 4D í verkefnabókina, skiptið þeim í kveður og dragið hring um ljóðstafina:

4B Ýmsir | þrá en | ekkert | fá,
af því | gerast | bitrir.
Flestir | reynast | eftir | á
ótrú- | -lega | vitrir.

4C Þó að | Ægir | yfi | brá,
auki | blæinn | kalda,
ei skal | vægja, | undan | slá
eða | lægja | falda.

4D Það er | kalt í | þessum | heimi,
þar er | valtur | sess.
Lífið | allt er | öfug- | -streymi,
ungur | galt ég | þess.

3 Sjá grein um sérhljóðastuðlun í tímaritinu *Són* árið 2007 (Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2007a).

b) Hvar eru stúfarnir í 4B, 4C og 4D?

Stúfarnir í 4B og 4C eru í 1. og 3. braglínu (fá – á; brá – slá) en í 4D eru þeir í 2. og 4. línu (sess – þess).

Í kaflanum er minnst á stuðlun með *é*. Þar kemur að nokkuð flóknu máli sem best er að vera ekki að veifa framan í unga nemendur á þessu stigi málsins. Við höldum okkur við það að *é* stuðli við *j* eins og sjá má í þessu kvæði eftir Sigurð Breiðfjörð. Það heitir *Kvennagaldur* og seinni hluti fyrsta erindis hljóðar þannig:

Sér er hvert bölvað **j**agið **é**g

jafnan má heyra um kveðskapinn.

(*Sigurður Breiðfjörð 1951:31*)

Í fyrri tíma kveðskap er algengt að sjá *é* stuðla við sérhljóða. Þá verður að bera það fram sem *e*. Mörg skáld stuðla í báðar áttir, nota *é* ýmist á móti sérhljóða eða *j* eftir því hvað verið er að fást við. Í ljóðum Jónasar Hallgrímssonar er að finna afar skemmtilegt dæmi um þessa stuðlun. Í kvæði sem heitir *Illur lækur* eða *Heimasætan* má lesa eftirfarandi:

Jeg fer **e**kkjert **ú**t í dag

uni móðir góð! hjá þjer,

vertu **ó**hrædd, eptirleiðis

eg skal gá að mier. (*Kvæði Jónasar Hallgrímssonar í eiginhandarriti 1965:166*)

Þegar eiginhandarrit Jónasar eru skoðuð kemur í ljós að í þessu erindi skrifar hann í fyrstu línunni: *Jeg* en í síðustu línunni stendur: *eg*. Jónas stafsetur orðin á mismunandi máta eftir því hvora af tvímyndunum hann notar. Það gerir hann á sama hátt í báðum handritunum sem til eru af þessu ljóði. Persónufornafnið í fyrstu línunni verður að bera fram sem *jeg* því að annars er línan ofstuðluð. Í síðustu línunni kemur það fyrir aftur og nú verður að bera það fram sem *eg* því að annars er síðlínan án höfuðstafs (sjá um þetta efni Ragnar Inga Aðalsteinsson 2007b).

Hugtak sem þarf að kunna skil á:

- *Sérhljóðastuðlun* er það þegar stuðlað er með sérhljóðum. Þá má nota saman hvaða sérhljóða sem er.

Ljóðstafurinn s. Gnýstuðlar

Skýringin á tilurð gnýstuðlanna byggist á því sem kallast hljómunarlágmark. Hér verður ekki farið nánar út í það atriði en aðeins bent á að þeir sem hafa áhuga á að kynna sér málið geta lesið sér til. Helstu heimildir eru: Kristján Árnason 2007 (t.d. bls. 72 og 92) og Ragnar Ingi Aðalsteinsson 2007a (bls. 20–21). Hljóðið *s* hefur sérstöðu (sjá Kristján Árnason 2005:215). Ekkert annað hljóð hefur þá sérstöðu sem þar er lýst.

5. verkefni – lausnir

Skrifið eftirfarandi vísur upp, skiptið þeim í kveður og dragið hring um ljóðstafina. Merkið gnýstuðla sérstaklega:

5J Veitti lundur hringa hart
högg á grundu kauða.
Slomp í sundur slæmdi snart
slangan unda rauða. Hér eru gnýstuðlar; **sl**

Athugið að í 3. braglinu í 5J koma fyrir orðin *sundur* og *snart*. Þessi orð hefjast á *s* en valda þó ekki ofstuðlun því að ljóðstafirnir eru *sl* og þar stuðlar bara *sl*. Svipað gerist í vísu 5L þar sem í 1. braglinu kemur fyrir orðið *skín* sem þó truflar ekki stuðlunina því að stuðlarnir eru *s+*sérhljóð en *sk* stuðlar eins og fram hefur komið aðeins við *sk*.

5K Hér í skjóli skógur grær,
skrýddur laufi vænu. Hér eru gnýstuðlar; **sk**
Steina lítill lækur þvær,
litast slýi grænu.

5L Sólin skín á sundin blá;
senn er mál að rísa.
Við mér blasa víð og há
veldi morgun- -dísá.

Hugtak sem þarf að kunna skil á:

- *Gnýstuðlar* eru framstöðuklasarnir *sk*, *sl*, *sm*, *sn*, *sp* og *st*.

Sjötti kafli

Ofstuðlun

Umfjöllun um ofstuðlun er fyrst að finna í sjálfri *Eddu* Snorra Sturlusonar. Þar segir:

Í öðru vísuorði er settur sá stafur fyrst í vísuorðinu er vér köllum höfuðstaf. Sá stafur ræður kveðandi. En í fyrsta vísuorði mun sá stafur finnast tvisvar standa fyrir samstöfum. Þá stafi köllum vér stuðla. Ef höfuðstafur er samhljóðandi, þá skulu stuðlar vera enn hinn sami stafur, svo sem hér er:

Lætr sá er Hákon heitir
hann rekkir lið bannat.

En rangt er ef þessir stafir standa fyrir samstöfum oftar eða sjaldnar en svo í fjórðungi vísu (Snorri Sturluson 1999:4).

Hér kemur skýrt fram að ljóðstafir í hverju braglínupari eiga að vera þrír, hvorki fleiri né færri. Á það má þó benda að ef braglína er stutt er oft aðeins einn stuðull í frumlínunni. Hér skal einnig bent á að bæði ofstuðlun og aukaljóðstafi, sem fjallað er um í næsta kafla, má víða sjá í kveðskap fyrri alda, einkum á tímanum frá 1400 til 1700. Á 18. öld breyttist þetta aftur og í seinni tíð gæta skáld og hagrýðingar þess vandlega að brjóta ekki þessar reglur.

Hugtakið *ofstuðlun* er gegnsætt og auðskilið og á ekki að vefjast fyrir neinum. Rétt er þó að vekja athygli á tvennu sem nefnt hefur verið hér að framan. Það fyrra snertir áherslulett orð sem standa sem síðari hluti af kveðu. Þessi orð valda ekki ofstuðlun þó að þau hefjist á sama hljóði (bókstaf) og notað er í stuðlunina (sjá umfjöllun í 4. kafla). Hitt varðar gnýstuðlana sem fjallað var um í síðasta kafla. Þegar stuðlað er með gnýstuðlum valda önnur *s*-pör ekki ofstuðlun þó að þau standi í áhersluatkvæðum annars staðar í braglínuparinu (sjá umfjöllun í 5. kafla).

6. verkefni – lausnir

Finnið ofstuðlun í eftirfarandi nafnavísu. Lagfærið vísuna og skráið hana rétta í verkefnabókina:

6B	Fúsi, Viggí, Fróði, Freyr, Finnur, Grettir, Ormar, Bjarni, Jónas, Bergur, Geir, Birgir, Bogi, Þormar.	Hér er ofstuðlun, þrír stuðlar: <i>Fúsi, Fróði, Freyr</i> Hér er ofstuðlun, hljóð höfuðstafs tvítekið: <i>Birgir, Bogi</i>
----	--	--

Auðvelt er að laga vísuna:

Bogi, Viggí, Fróði, Freyr,
Finnur, Grettir, Ormar,
Bjarni, Jónas, Bergur, Geir,
Birgir, Fúsi, Þormar.

Hér var skipt á orðunum *Fúsi* og *Bogi*. Þar með er vísan rétt. Hægt er að leysa vandann á marga aðra vegu en þessi leið er að líkindum fljótlegust.

Hugtak sem þarf að kunna skil á:

- *Ofstuðlun* er það þegar ljóðstafir verða of margir í braglínuparinu.

Sjöundi kafli

Aukaljódstafir

Það sama á við um aukaljódstafi og fram kom um ofstuðlunina hér að framan. Reglan er einföld og auðlærð. Ekki skulu vera nema einir stuðlar í braglínuparinu.

7. verkefni – lausnir

Verkefni: Finnið aukaljódstafi í eftirfarandi nafnavísu. Lagfærið vísuna og skráið hana rétta í verkefnabókina:

7B Siggí, Gvendur, Sammi, Örn,
 Sófus, Halli, Binni, Björn, Hér eru aukaljódstafir; B í Binni og Björn
 Andri, Einar, Hörður, Hreinn, Hér eru aukaljódstafir; A og Ei í Andri og Einar
 Helgi, Villi, Finnur, Sveinn.

Auðvelt er að lagfæra vísuna:

Siggí, Gvendur, Sammi, Örn,
Sófus, Halli, Andri, Björn,
Binni, Einar, Hörður, Hreinn,
Helgi, Villi, Finnur, Sveinn.

Við skiptum á orðunum *Andri* og *Binni* og vísan er þar með rétt gerð. Eins og áður hefur komið fram er að sjálfsögðu hægt að leysa þetta verkefni á fleiri vegu en þennan.

Hugtak sem þarf að kunna skil á:

- *Aukaljódstafir* kallast það þegar auk ljóðstafanna sem fyrir eru birtast aðrir ljóðstafir í braglínuparinu.

Áttundi kafli

Moðbásavísur

Hér á eftir fara lausnir að verkefnum við áttunda kafli. Á það skal bent að hér eru lausnirnar aðeins tillögur. Orðavísur, eins og þær sem hér er unnið með, bjóða upp á mjög marga möguleika. Talnafróðir menn halda því fram að hvert af þessum verkefnum sé unnt að leysa á meira en þrjú þúsund vegu. Hér var þó ákveðið að setja hvert verkefni fram í vísuformi í trausti þess að kennarar taki það sem viðleitni en ekki neitt í áttina að því sem kallast geti endanleg lausn.

8. verkefni – lausnir

Eftirfarandi verkefni felast í því að setja saman vísur úr sundurlausum orðum eins og gert var hér að ofan. Fyrst eru 14 nafnorð. Ef þið skrifið þau í réttari röð inn í verkefnabókina verður til vísa:

8B borð, penni, síða, bekkur, töfrar, seiður, bretti, villa, setning, orð, skúffa, vaskur, hilla, skápur.

Penni, síða, setning, orð,
seiður, töfrar, villa,
skúffa, vaskur, bekkur, borð,
bretti, skápur, hilla.

Þá eru 14 sagnorð. Farið eins með þau:

8C brjóta, nýta, nefna, hefja, binda, ná, vefja, sveima, fá, svífa, ganga, hlaupa, syngja, losa.

Losa, brjóta, nefna, ná,
nýta, binda, hefja,
syngja, hlaupa, sveima, fá,
svífa, ganga, vefja.

Næst eru 14 lýsingarorð:

8D úfinn, gróinn, brattur, heiður, bleikur, hlýr, vondur, belgður, nýr, nýttinn, leiður, nískur, hvítur, rauður.

Rauður, brattur, bleikur, hlýr,
belgdur, vondur, heiður,
gróinn, hvítur, nýttinn, nýr,
nískur, úfínn, leiður.

Næst eru 14 nafnorð. Nú skuluð þið reyna að raða þeim þannig að í fyrra braglínuparinu verði eingöngu dýraheiti:

8E trappa, rolla, mús, rjúpa, hestur, rotta, hundur, hús, ræða, fundur, póstur, pallur, pontá, tófa.

Rolla, hestur, rjúpa, mús,
rotta, tófa, hundur,
trappa, póstur, pallur, hús,
ponta, ræða, fundur.

Við skulum segja að næsta vísa fjalli um skólastarfið. Þetta eru 14 sagnorð:

8F lita, skreyta, skrifa, reikna, vita, kunna, skrá, teikna, lesa, fletta, flokka, sjá, hlusta, finna.

Kunna, lesa, skrifa, skrá,
skreyta, hlusta, reikna,
fletta, lita, flokka, sjá,
finna, vita, teikna.

Og að lokum eru 14 nöfn sem hægt er að raða í rétt gerða vísu:

8G Örn, Árni, Frissi, Vigga, Magga, Björn, Jói, Lóa, Einar, Bergur, Bína, Sigga, Olga, Helgi.

Frissi, Árni, Bergur, Björn,
Bína, Lóa, Vigga,
Helgi, Jói, Einar, Örn,
Olga, Magga, Sigga.

Hugtak sem þarf að kunna skil á:

- *Moðbásavísa*, vísa sem búin er til í þeim tilgangi einum að æfa sig í vísnaverð; gæti heitið *tilraunavísa* eða *æfingavísa*.

Níundi kafli

Forliður

Forliður er í rauninni seinni hluti af braglið, áherslulétti hlutinn. Vísa getur sem best hafist á forlið en annars er hann, ef grannt er skoðað, seinni (eða seinasti) hluti af síðustu kveðu næstu braglínu á undan. Takið eftir því að í öllum tilvikum, þar sem forliður kemur fyrir í 2. eða 4. braglínu vísunnar, endar línan á undan á stúf. Að öðrum kosti kæmist forliðurinn tæpast fyrir. Um 3. braglínu gegnir svolítið öðru máli; 2. braglína er oft heilum braglið styttri en 1. braglína. Í flutningi er í þeim tilvikum venja að hafa þögn í enda 2. braglínu. Þar með skapast rými fyrir forlið í 3. braglínu.

Forliðir þykja stundum vera til lýta. Svo þarf þó alls ekki að vera. Þeir geta orðið til þess að létta hrynjandina og gefa vísunni markvissari takt. En til að svo megi verða hlýtur braglínan á undan að enda á stýfðum lið, eða að línan sé stytt, eins og oft er með 2. og 4. línu, svo að rúm sé fyrir forliðinn.

Gæta verður þess, þegar vísu er skipt í kveður, að afmarka forliði rétt. Oft gagnast vel að líta á ljóðstafina. Skoðum braglínupar úr bókinni:

Hitt kom alltaf hundraðfalt
sem hjartað galt úr sjóði.

Hér er augljóst að orðið *sem* er forliður. Ljóðstafir eru *h* í *hitt*, *hundrað*- og *hjartað* og því hlýtur fyrsta kveða síðlínunnar að hefjast á *h*, *hjartað*. Orðið *sem* er þar fyrir framan og dæmist því vera forliður. Auðvelt er líka að sjá að orðið *hitt* í frumlínunni er ekki forliður því að þar er fyrri stuðullinn. Skoðum annað dæmi:

að guð á margan gimstein þann,
sem glóir í mannsorpinu.

Hér eru ljóðstafir *g* í *guð*, *gimstein* og *glóir*. Áhersla hlýtur að koma á orðin *guð* og *glóir* og þar með ljóst að orðin *að* og *sem* eru forliðir.

9. verkefni – lausnir

Rítið eftirfarandi vísur í verkefnabókina, skiptið þeim í kveður, dragið hring um ljóðstafi og merkið forliðina sérstaklega:

- 9C Nú er úti veður vott,
 verður allt að klessu.
 Ekki fær hann Grímur gott
 að gifta sig í þessu. forliður: að
- 9D Aldrei sá ég ættar- -mót
 með eyrar- -rós og hrafni. forliður: með
 Þó mun allt af einni rót
 í alheims gripa- -safni. forliður: í
- 9E „Gegn vonsku heims og vélum manns forliður: gegn
 skal vopnum mínum snúið.“ forliður: skal
 Þjálfun hlaut og þaut til Frans,
 en þá var stríðið búið. forliður: en

Hugtak sem þarf að kunna skil á:

- *Forliður* heitir áherslulett orð sem stendur fremst í braglínu, framan við fyrstu kveðuna. Forliður má aldrei bera ljóðstaf.

Tíundi kafli

Þríliðir

Kafllinn um þríliðina á ekki að vefjast fyrir nemendum. Hér snýst málið um að telja upp í tvo eða þrjá. Þríliðir skera sig úr og auðvelt er að finna þá út frá áherslunum. Í 10D er það orðið *vökina* sem sker sig þannig úr. Í 10E eru það orðin *logar á*. Hér ber á það að líta að orðið *fífu-* hlýtur að bera fulla áherslu. Það þýðir að þar byrjar kveða. Hugsum okkur að braglínunni væri skipt þannig: *logar | á fífu- | -stöngum*; þá verður að leggja áherslu á orðið *á* og kveðan er þá *á fífu-*. Augljóst er að slíkt gengur ekki.

Til að útskýra kveðuskiptingu í braglinum eins og þessum er oft gagnlegt að gera eins og sýnt var hér að ofan til að nemendur sjái að skiptingin er röng.

10. verkefni – lausnir

Skráið vísur 10D, 10E og 10F inn í verkefnabókina og finnið þar þríliði. Til þess verður að byrja á að skipta þeim í kveður:

- | | | |
|-----|--|--|
| 10D | <p>Herðir frost og bylja-blök.
 Ber mig vetur ráðum.
 Ævi mín er vörn í vök.
 Vökina leggur bráðum.</p> | Þríliður: <i>vökina</i> |
| 10E | <p>Ljósið kemur langt og mjótt,
 logar á fífu-stöngum.
 Halla kerling fetar fljótt
 framan eftir göngum.</p> | Þríliður: <i>logar á</i> |
| 10F | <p>Þessar klappir þekkti ég fyr,
 þegar ég var ungur.
 Átti ég víða á þeim dyr,
 eru þar skápar falleg-ir.</p> | Þríliður: <i>þekkti ég</i>
Þríliður: <i>átti ég</i>
Þríliður: <i>eru þar</i> |

Hugtök sem þarf að kunna skil á:

- *Einliður (stúfur)*, bragliður sem er eitt atkvæði. Ekki má rugla einlið saman við forlið. Forliður er oftast eitt atkvæði en forliður er ekki bragliður heldur seinni hluti af braglið, áhersluléttur. Stúfurinn er fullgildur bragliður með áherslu og getur borið ljóðstaf. Það getur forliður ekki eins og áður hefur komið fram.
- *Tvíliður*, bragliður sem er tvö atkvæði.
- *Þríliður*, bragliður sem er þrjú atkvæði.

Úrfelling

Kaflinn um úrfellinguna á ekki, frekar en kaflarnir hér á undan, að verða flókinn eða torskilinn. Þetta snýst um að orð endar á sérhljóða og næsta orð byrjar á sérhljóða. Oftast renna þá þessir sérhljóðar saman í einn. Auðvitað er hægt að bera báða sérhljóðana fram og hafa þrílið í staðinn fyrir úrfellinguna (t.d. *tali og* í stað *tali'og*) en slíkt er ekki eðlilegt í talmáli og í vísunum er venjan að miða við eðlilegt talmál.

11. verkefni – lausnir

Skrifið eftirfarandi vísur inn í verkefnabók og skiptið þeim í kveður, finnið þar úrfellingar og setjið kommuna, úrfellingartáknið, á sinn stað:

- 11D Þó að kali heitur hver,
hylji dali jökull ber,
steinar tali' og allt hvað er,
aldrei skal ég gleyma þér. úrfelling: *tali' og*
- 11E Sæt og heit er saklaus ást,
sárt er hana' að dylja. úrfelling: *hana' að*
Eins og það er sælt að sjást,
sárt er líka' að skilja. úrfelling: *líka' að*
- 11F Gaman er að liggja' og lesa úrfelling: *liggja' og*
langar nætur uppi' í bæli úrfelling: *uppi' í*
sögu- -skruddur, skräður, pása,
skýrslur, ljóð og eftir- -mæli.

Hugtak sem þarf að kunna skil á:

- *Úrfelling* heitir það þegar tveir sérhljóðar, annar aftast í orði og hinn fremst í næsta orði, renna saman í einn þannig að tvö atkvæði verða að einu. Annar sérhljóðinn er þannig felldur úr setningunni og þaðan er nafnið komið.

Tólfti kafli

Brageyrað

Síðasti kafli bókarinnar gengur út á að æfa nemendur í því að greina vísur og læra þær. Kennarar verða að ákveða hvort þeir láta vinna allar þessar vísur og hvað þeir láta vinna við hverja. Þetta verður alltaf að meta hverju sinni. Eins er með utanbókarlærdóminn. Kennari verður að meta það hverju sinni hvaða nemendur eiga að læra vísur utanbókar. Hafa skal í huga að greiningin, eins og hún er sett upp í 12. kafla, er tæki til að auka næmi ungs fólks fyrir hefðbundnum ljóðum. Þess vegna ætti að láta vinna sem mest af vísunum, skipta þeim í kveður, finna og merkja forliði, þríliði, úrfellingar og stúfa og merkja rímið með bókstöfum. Sú vinna skilar sér sem næmt og þroskað brageyra.

Utanbókarlærdómur hefur á undanförunum árum sætt gagnrýni, sumpart að ósekju. Það skaðar engan að læra vísur eða kvæði utan bókar. Endurminningar fólks, sem segir frá slæmum upplifunum í tengslum við utanbókarlærdóm í grunnskólanum, bera vott um afleita kennsluhætti frekar en að vísurnar eigi þar sök. Sumir eiga erfitt með að læra vísur og enn erfiðara með að flytja þær og í slíkum tilvikum verður að ganga fram af mikilli gætni í kennslunni. Aldrei ætti að þvinga neinn til að flytja vísu blaðlaust. Lagnir kennarar eiga hins vegar létt með að laða nemendur að verkefninu án þess að vekja upp með þeim ótta eða þvermóðsku. Sumum nemendum verður að hlífa við þessum utanbókarflutningi meðan aðrir munu taka honum fagnandi. Þeir sem ekki koma upp að töflu með vísuna sína geta til dæmis skrifað upp og greint nokkrar aukavísur í staðinn.

12. verkefni – lausnir

Vísurnar, sem fara hér á eftir, eigið þið að skrifa inn í verkefnabókina, skipta þeim í kveður, merkja forliði, þríliði, úrfellingar og stúfa, draga hring um ljóðstafina, merkja gnýstuðla sérstaklega og merkja rímið með bókstöfum. Tilgreinið hvaða vísur eru hringhendur. Auk þess er eindregið mælt með því að þið lærið einhverjar vísur utanbókar.

12A Allt fram streymir enda- -laust.
Ár og dagar líða.
Nú er komið hrímkalt haust,
horfin sumar- -blíða.

Rímform: aBaB

Stúfar í frumlínum

Í 12A eru hvorki forliðir, þríliðir, úrfellingar eða annað sem þarf að greina sérstaklega.

- 12B Mastrið syngur sveigt í keng,
seglið kringum hljómar,
raddir þvinga' úr stagi' og streng úrfellingar: *þvinga' úr og stagi' og*
stormsins fingur- -gómar.
Rímform: aBaB Stúfar í frumlínum
Visan er hringhenda
Gnýstuðlar í seinna braglínupari: **st**

Visa 12B er hringhenda. Auk þess er innrím í frumlínum tengt stúfunum með sniðrími (*syng- -keng/þving- – streng*). Um sniðrím var fjallað í 2. kafla.

- 12C Víða til þess vott ég fann,
þótt venjist oftar hinu, forliður: *þótt*
að guð á margan gimstein þann, forliður: *að*
sem glóir í mannsorp- -inu. forliður: *sem*; þríliður: *glóir í*
Rímform: aBaB Stúfar í frumlínum

Í vísu 12C er sérkennileg kveða í síðustu línunni: *-inu*. Hér er viðskeyttur greinir látinn bera uppi heila kveðu, sem er óvenjulegt og þykir reyndar ekki fallett þó að hér sé það sjálfur Bólu-Hjálmar sem yrkir. Algengt er að sjá slíkar kveður í vísu eldri skálda en svo virðist sem hagrýðingar forðist slíkar lausnir í seinni tíð.

- 12D Ég vildi feginn vera strá forliður: *ég*
og visna' í skónum þínum, forliður: *og*; úrfelling: *visna' í*
því léttast gengirðu eflaust á forliður: *því*; þríliður: *gengirðu*
yfir- -sjónum mínum.
Rímform: aBaB Stúfar í frumlínum

Leiða má rök að því að þríliðurinn í 3. línu í 12D sé úrfelling; *gengirðu' eflaust*. Oft fer slíkt eftir framburði og þá áherslum þess sem flytur. Þó þarf að gæta þess að glögg áhersla sé á orðinu *eflaust* því að þar er fyrri stuðullinn. Þess vegna er valin sú leið hér að ætlast til þess að öll atkvæðin í orðinu *gengirðu* séu borin fram.

- 12E Yfir flúðir auðnu' og meins úrfelling: *auðnu' og*
elfur lífsins streymir.
Sjaldan verður ósinn eins
og uppsprett- -una dreymir. forliður: *og*
Rímform: aBaB Stúfar í frumlínum

Í 12E er svipað fyrirbæri og bent var á í 12C. Í síðustu braglínunni er ein kveðan viðskeyttur greinir: *-una*. Hér er málið erfiðara en í 12C vegna þess að hér eru ljóðstafir sérhljóðar og þegar greinirinn, *-una*, er borinn fram með áherslu sem hæfir sérstakri kveðu væri hægt að líta á það

sem ofstuðlun. Hefð er þó fyrir því að í slíkum tilvikum er þessi innanorðs sérhljóði ekki talinn spilla kveðskapnum, enda má sjá dæmi um þetta allvíða í kveðskap góðra skálda.

12F Gengi' er valt þar fé er falt, úrfelling: *gengi' er*
fagna skalt í hljóði.
Hitt kom alltaf hundrað- -falt
sem hjartað galt úr sjóði. forliður: *sem*
Rímform: aBaB Stúfar í frumlinum
Vísan er hringhenda (og oddhenda)

12F er bæði hringhenda og oddhenda. Oddhenda kallast vísa þar sem fyrri hluti 2. kveðu í frumlinunum rímar við stúfinn eins og gerist með sniðrímið í 12B:

Gengi' er **valt** þar fé er **falt** ...

Oddhenda þarf ekki að vera hringhend frekar en hringhenda þarf að vera oddhend en oft fer þó þetta tvennt saman.

12G Margur blásinn belgur sprakk,
bljúgur laut að fróni,
í sem glettin ungfrú stakk
ástar títu- -prjóni.
Rímform: aBaB Stúfar í frumlinum

Í 12G skal einkum bent á 3. braglínu þar sem orðið *í* stendur sem fyrri stuðull og kveðan er óvenjuleg: *í sem*. Í þessu tilviki fær orð, sem venjulega er í veikari flokknum, forsetningin *í*, mjög sterka stöðu í braglinunni og verður að fá fulla áherslu. Þetta er óvenjulegt og minnir okkur á að ekki er til nein endanleg regla um það hvaða orð hafa sterka stöðu í braglinunni og hver standa veikt. Slíkt getur farið eftir umhverfinu.

12H Drósir ganga, dreyrinn niðar,
drjúpa skúrir.
Rósir anga, reyrinn iðar,
rjúpa kúrir.
Rímform: ABAB Engir stúfar
Afráttarháttur

Vísan 12H er ort undir afráttarhætti sem felst í því að tekinn er einn stafur framan af hverju orði í fyrri braglinuparinu og þá stendur eftir seinna braglinuparið. Þessi vísa er ort af slíkum hagleik að fáir munu leika það eftir.

- 12I Tæki- -færið gríptu greitt,
 giftu mun það skapa.
 Járníð skaltu hamra heitt,
 að hika' er sama' og tapa. forliður: að; úrfellingar: hika' er og sama' og
 Rímform: aBaB Stúfar í frumlínum

Í 12I er fátt sem kemur á óvart nema ef til vill það að óvenjulegt er að tvær úrfellingar séu hlið við hlið í sömu línunni. Við þetta er þó ekkert bragfræðilega rangt en frekar ber að forðast að hlaða miklu af slíku saman í vísur.

- 12J Auðs þótt beinan akir veg,
 ævin treinist meðan,
 þú flytur á einum eins og ég forliður: þú; þríliður: flytur á
 allra seinast héðan.
 Rímform: aBaB Stúfar í frumlínum
 Vísan er hringhenda

Takið eftir 2. braglínu í 12J; *ævin treinist meðan* ... Hér hefur orðaröð verið snúið við til að koma ljóðstöfum og rími á rétta staði enda hafa öll orðin í línunni hlutverk sem slík: *ævin* – höfuðstafur; *treinist* – miðrím; *meðan* – endarím. Eðlileg orðaröð er þannig: *meðan ævin treinist*. Þessi lína er dálítið vandræðaleg en vegna þess hve vísan er að öðru leyti vel gerð og hefur magnaðan boðskap hefur hún varðveist sem ein af perlum kveðskaparins.

- 12K Það er ekki þorsk að fá
 í þessum firði. forliður: í
 Þurru landi eru þeir á þríliður: eru þeir
 og einskis virði. forliður: og
 Rímform: aBaB Stúfar í frumlínum

Í 12K er ekkert sérstakt að athuga. Vísan er skemmtilega regluleg (fyrir utan þríliðinn í 3. línu) með forliði í báðum síðlínum en ekki í frumlínum.

- 12L Við skulum ekki víla hót,
 það varla léttir trega. þríliður: við skulum
 Það er þó alltaf búnings- -bót forliður: það
 að bera sig karlmann- -lega. þríliður: það er þó
 forliður: að; þríliður: bera sig
 Rímform: aBaB Stúfar í frumlínum

Í vísu 12L er rétt að líta á þríliðinn fremst í 3. braglínu: Það er þó. Einhverjum kynni að detta í hug að þarna væri forliður: *það*, og tvíliður: *er þó*. Í sjálfu sér er hægt að hafa þannig áherslu í línunni. Gallinn við það er sá að þá kemur áhersla á orðið *er* sem hefst á sérhljóða og þá eru komnir aukaljóðstafir:

Það er þó alltaf búnings- -bót ...

Betra er að leggja fulla áherslu á orðið *það* og hafa þarna þrílið.

12M Þitt er menntað afl og önd
eigirðu fram að bjóða þríliður: eigirðu
hvassan skilning, haga hönd,
hjartað sanna' og góða. úrfelling: sanna' og
Rímform: aBaB Stúfar í frumlínum

Í vísu 12M verður að skýra 3. braglínu sérstaklega. Orðið *hvassan* hefur í huga höfundarins verið borið fram með *kv-*, *kvassan*, og þess vegna skapar það ekki ofstuðlun í hans huga þó að ljóðstafirnir séu *h*. Í 10. kafla í kennslubókinni er minnst á sama hlutinn í vísu eftir Kristján Fjallaskáld (sjá um þetta efni Ragnar Inga Aðalsteinsson 2007c).

12N Dug og prýði drepur lýða
daga stríður her.
Ekki þýðir þó að kvíða
þeim er síðast fer.
Rímform: AbAb Stúfar í síðlínum
Vísan er hringhenda (og oddhenda)

Í vísu 12N er ekkert sérstakt sem þarf athugunar við hvað bragfræðina snertir. Hér er allt slíkt í réttum skorðum. Hins vegar er líklega rétt að taka vísuna saman í eðlilega orðaröð. Hún lítur þá þannig út:

Stríður her daga drepur dug og prýði lýða. Ekki þýðir þó að kvíða þeim
(þ.e. þeim degi) er fer síðast.

Þannig verður efnið skiljanlegra fyrir ungu kynslóðina. Vísan er gott dæmi um það þegar orðaröð er breytt til að framfylgja bragreglunum.

120 Margur hló og hafði ró
hvar sem bjó og fór hann.
Átti þó sinn auðnu- -skó
aldrei nógu stóran.
Rímform: aBaB Stúfar í frumlínum
Vísan er hringhenda (og oddhenda)

Vísa 120 er, eins og fleiri vísur í þessari bók, bæði hringhend og oddhend, sbr. vísu 12F. Rétt er að staldra við rímorðin í síðlínum: *fór hann* – *stóran*. Þetta rímar prýðilega saman ef þess

er gætt í flutningi að segja *fór'hann* (stundum skrifað *fór'ann*) og fella þannig *h-ið* í burtu. Ef vill má setja þarna úrfellingarmerki.

12P Góða mjúka, gróna jörð,
græn og fögur sýnum,
hví er alltaf einhver hörð
arða' í skónum mínum? úrfelling: *arða' í*
Rímform: aBaB Stúfar í frumlinum

Úrfellingin í 4. braglinu í vísu 12P gæti sem best verið þríliður ef áherslur eru þannig, þ.e. að í orðinu *arða* séu báðir sérhljóðarnir bornir fram. Ef til vill finnst einhverjum línan eðlilegri þannig og við því er ekki annað en allt gott að segja.

12Q Ferskeytl- -an er Frónbú- -ans
fyrsta barna- -glingur,
en verður seinna' í höndum hans forliður: *en*; úrfelling: *seinna' í*
hvöss sem byssu- -stingur.
Rímform: aBaB Stúfar í frumlinum

Í vísu 12Q má í 1. braglinu sjá kveður sem eru hreint ekki fallegar þó að vísan sé annars ljómandi góð. Þetta eru 2. og 4. kveða: *-an er* og *-ans*. Við þessu er þó ekkert að segja annað en að þetta er hluti af menningararfinum og okkur þykir vænt um vísuna þrátt fyrir þennan annmarka. Rétt er þó að hafa í huga að kveður á borð við þessar ber að forðast.

Hér má einnig benda á orðið *hvöss*, sem ber höfuðstafinn í síðustu línunni. Nú stuðlar *hv-* við *h* eins og ekkert sé. Í vísu 12M stuðlaði *hv-* ekki við *h*, enda þar borið fram sem *kv-*. Þetta fer eftir framburði. Í 12Q verður að bera orðið *hvöss* fram með *h-i*, ekki *k-i*, til að stuðlunin verði rétt (sjá Ragnar Inga Aðalsteinsson 2007c).

12R Séð hef ég köttinn syngja' á bók, þríliður: *séð hef ég*; úrfelling: *syngja' á*
selinn spinna hör á rokk,
skötuna elta skinn í brók, þríliður: *skötuna*
skúminn prjóna smábands- -sokk.
Rímform: abab Stúfar í öllum línunum
Gnýstuðlar í seinna braglinupari: **sk**

Í vísu 12R er fátt að athuga nema þá *s-in* í síðustu línunni:

skúminn prjóna smábands- -sokk

En reglan segir að *sk* stuðlar bara við *sk*, *sm* bara við *sm*, hvorugt stuðlar við *s+sérhljóð* og þá er málið leyst. Hér er því ekkert athugavert.

12S	<u>Kvölda</u> <u>tekur,</u> <u>sest er</u> <u>sól,</u> <u>sveimar</u> <u>þoka' um</u> <u>dalinn.</u>	úrfelling: <i>þoka' um</i>
	<u>Komið er</u> <u>heim á</u> <u>kvía-</u> <u>-ból</u> <u>kýrnar,</u> <u>féð og</u> <u>smalinn.</u>	þríliður: <i>komið er</i>
	Rímform: aBaB	Stúfar í frumlínum

Í vísu 12S er ekkert sérstakt að athuga.

12T	<u>Afi</u> <u>minn fór</u> <u>á honum</u> <u>Rauð</u> <u>eitthvað</u> <u>suður á</u> <u>bæi</u> <u>að</u> <u>sækja</u> <u>bæði</u> <u>sykur og</u> <u>brauð</u> <u>sitt af</u> <u>hvoru</u> <u>tæi.</u>	þríliður: <i>á honum</i> þríliður: <i>suður á</i> forliður: <i>að</i> ; þríliður: <i>sykur og</i>
	Rímform: aBaB	Stúfar í frumlínum

Það sama á við um vísu 12T. Hér er ekkert að sjá sem ekki hefur áður verið fjallað um.

12U	<u>Þó að</u> <u>úti</u> <u>ís og</u> <u>hjarn</u> <u>ögri' í</u> <u>tröllskap</u> <u>sínum.</u>	úrfelling: <i>ögri' í</i>
	<u>Vertu</u> <u>sífelld</u> <u>sumar-</u> <u>-barn</u> <u>með</u> <u>sól í</u> <u>huga</u> <u>þínum.</u>	forliður: <i>með</i>
	Rímform: aBaB	Stúfar í frumlínum

Í vísu 12U á það sama við; ekkert sem þarf að skýra.

12V	<u>Hani,</u> <u>krummi,</u> <u>hundur,</u> <u>svín,</u> <u>hestur,</u> <u>mús, tittl-</u> <u>-ingur,</u> <u>galar,</u> <u>krunkar,</u> <u>geltir,</u> <u>hrín,</u> <u>gneggjar,</u> <u>tístir,</u> <u>syngur.</u>	
	Rímform: aBaB	Stúfar í frumlínum

Hér má benda á sögnina að *gneggja*, sem merkir að *hneggja*. Þessi orð eru tvímyndir. Ástæðan fyrir því að þetta orð er valið er að hér verður að hafa *g* sem höfuðstaf. Þá er rétt að vekja athygli á 2. braglið í 2. braglínu: | mús, tittl-|. Þessi bragliður er óvenjulegur að gerð, samsettur úr tveimur nafnorðum og hljómar þess vegna svolítið stíðlega.

12Xa Heyrðu snöggvast, Snati minn,
snjalli vinur kæri,
heldurðu' ekki hringinn þinn úrfelling: *heldurðu' ekki*
ég hermann- -lega bæri. forliður: *ég*
Rímform: aBaB Stúfar í frumlínunum
Gnýstuðlar í fyrra braglínupari: **sn**

12Xb Lof mér nú að leika að
látúns- -hálsgjörð þinni.
Ég skal seinna jafna það
með jóla- -köku minni. forliður: *með*
Rímform: aBaB Stúfar í frumlínunum

Hér stuðlar *é* við *j*. Þetta er fullkomlega rökrétt því að *é* er skriftákn fyrir *je*.

12Xc Jæja þá, í þetta sinn
þér er heimil ólin.
En hvenær koma, kæri minn, forliður: *en*
kakan þín og jólin?
Rímform: aBaB Stúfar í frumlínunum

Hér má enn einu sinni sjá dæmi um það þegar *hv*-orð ruglar stuðlunina. Ef orðið *hvenær* í 3. braglínu er borið fram með *k*-hljóði, *kvenær*, er vísan að sjálfsgöðu ofstuðluð. Í þessu tilviki verður að bera orðið fram með *h*, *hvenær*.

Hugtak sem þarf að kunna skil á:

- *Brageyra* er það kallað þegar fólk á gott með að heyra hvort vísa er rétt gerð eða ekki.

Heimildir

- Eiríkur Rögnvaldsson. 1989. *Íslensk rímorðabók*. Iðunn, Reykjavík.
- Jón Helgason. 1939. *Úr landsuðri*. Heimskringla, Reykjavík.
- Jónas Hallgrímsson. 1989. *Ljóð og lausamál*. Svart á hvítu, Reykjavík.
- Kristján Árnason. 2005. *Íslensk tunga. Hljóð. Handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Kristján Árnason. 2007. On the principles of Nordic rhyme and alliteration. *Arkiv för nordisk filologi* 122, bls. 79–116.
- Kvæði Jónasar Hallgrímssonar í eiginhandarriti*. 1965. Einar Ól. Sveinsson og Óskar Halldórson sáu um útgáfuna. Handritastofnun Íslands, Reykjavík.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 1990. *Bögubókin*. Iðnú, Reykjavík.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 1996. *Suttungur 1 og 2*. Iðnú, Reykjavík.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 2005. Nokkrar athuganir á hlutföllum orðflokka í stuðlasetningu. *Íslenskt mál og almenn málfræði*, 27. árg., bls. 171–188.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 2007a. Gátan um sérhljóðastuðlunina. *Són, tímarit um óðfræði*, 5. árg., bls. 9–26.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 2007b. Stuðlasetning í ljóðum Jónasar Hallgrímssonar. *Hrafnæping*, 4. árg., bls. 31–49.
- Ragnar Ingi Aðalsteinsson. 2007c. Framburður og stuðlun. *Hrafnæping*, 4. árg., bls. 113–119.
- Sigurður Breiðfjörð. 1951. *Ljóðasafn I*. Ísafoldarprentsmiðja hf., Reykjavík.
- Snorri Sturluson. 1999. *Edda. Háttatal*. Ritstj. Anthony Faulkes. Viking Society for Northern Research. University College, London.
- Sveinbjörn Beinteinsson. 1953. *Bragfræði og háttatal*. Hf. Leiftur, Reykjavík.